

Starfskjarastefna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

1. Almenn

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög ber stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. („Harpa“) að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til stjórnar félagsins sem og annars starfsfólks.

2. Tilgangur

Starfskjarastefna Hörpu miðar að því að Harpa sé samkeppnishæf og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi vöxt og velgengi félagsins. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna og annars starfsfólks. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefna Hörpu er órjúfanlegur hluti af jafnlaunastefnu félagsins.

3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun þeirra skal ákveðin á aðalfundi ár hvert svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutafélög.

4. Launajafnrétti

Eins og kemur fram í jafnlaunastefnu Hörpu mun kynbundinn launamunur ekki líðast hjá félaginu. Starfsfólki sem sinnir jafn verðmætum störfum skulu greidd sömu laun og hlunnindi og er það tryggt með ferlum jafnlaunavottunar sem Harpa hefur hlotið.

5. Starfskjör starfsfólks

Starfskjör starfsfólks Hörpu skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki og miðast við þann markaðshóp sem hver starfshópur tilheyrir. Tekið er tillit til frammistöðu við ákvarðanir um stöðuveitingar, launabreytingar og aðra umbun starfsfólks.

6. Önnur hlunnindi

Stjórn félagsins er óheimilt að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum með eftirfarandi hætti:

- Afhendingu hluta.
- Árangurstengdum greiðslum.
- Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslum sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
- Lánasamningum.
- Starfslokasamningum við stjórnarmenn.

7. Upplýsingagjöf

Á aðalfundi félagsins skulu hluthafar upplýstir um heildarfjárhæð greiddra launa til stjórnarmanna og forstjóra á liðnu starfsári sem og starfslokagreiðslur ef einhverjar eru.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

8. Samþykkt starfskjarastefnu

Þessi starfskjarastefna Hörpu er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnuna skal samþykkja á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki í gerðarbók félagsstjórnar.

Þannig samþykkt af stjórn Hörpu 21. ágúst 2024.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Stjórnarformaður

Árni Geir Pálsson
Varaformaður stjórnar

Gunnar Sturluson
Meðstjórnandi

Hrönn Greipdóttir
Meðstjórnandi

Jón Sigurgeirsson
Meðstjórnandi